

Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja - Heklan

15. fundur

Þann 10. febrúar árið 2012, klukkan 11:00 er fundur haldinn í stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja, fundarstaður er Eldey, Grænásbraut, 235 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Árni Sigfússon formaður, Ásmundur Friðriksson, , Róbert Ragnarsson, Kjartan Eiríksson, Gunnar Ellert Geirsson, Ásgeir Eiríksson og Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri. Sigrún Árnadóttir boðaði forföll.

Gestir : Óli Örn Eiríksson, Hanna María Kristjánsdóttir og Runólfur Ágústsson.

Dagskrá fundarins

1. Atvinnuleysistöður
2. Úrræði í atvinnumálum ungs fólks. Gestur: Runólfur Ágústsson, VMST
3. Kynning á niðurstöðu ESB skýrslu. Gestur: Robert Jennings
4. Ráðning verkefnastjóra Geo-park
5. Önnur mál

1. Mál Atvinnuleysistöður

Listi yfir fjölda atvinnulausra lagður fram. Fjöldi atvinnulausra 13. febrúar var samtals 1373. Fjöldi atvinnulausra hefur lækkað töluvert frá desember . Helstu ástæður eru skipulagsbreytingar og árangur af átakinu nám er vinnandi vegur.

2. Mál Úrræði í atvinnumálum ungs fólks

Runólfur Ágústsson frá VMST fór yfir úrræði í atvinnumálum, sérstaklega er snýr að atvinnu ungs fólks.

Samþykkt að stofna hóp sem endurskoði þær lausnir sem bjóðast atvinnulausum á svæðinu og leiti samstöðu um úrræði.

3. Mál Kynning á niðurstöðu ESB skýrslu

Robert Jennings og fulltrúar vinnuhópa kynntu stöðu verkefnisins.

4. Mál Ráðning verkefnastjóra Geo-park

Samþykkt að auglýsa eftir verkefnastjóra Geo-park til 2ja ára. Verkefnastjóri verður hýstur hjá Heklunni.

5. Mál Önnur mál

Samþykkt að óska eftir nýrri greiningu á atvinnuleitum út frá fyrri störfum.

Óskað er eftir kynningu á störfum vinnuhópa í IPA verkefni og Gekon auðlindagarði 16 mars n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:45.
